



Héraðsskjalasafn Árnesinga



ÁRSSKÝRSLA 2019
Héraðsskjalasafn Árnesinga

Yfirlit um starfsemi 2019

Starfsfólk Héraðsskjalasafns Árneseinga hafði í mörg horn að líta á árinu 2019. Eins og undanfarin ár voru húsnæðismál skjalasafnsins í brennidepli sem og nýleg löggjöf um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem varð þess valdandi að fleiri afhendingarskyldir aðilar leituðu ráðgjafar. Þá hóf héraðsskjalasafnið formlegt samstarf við fjögur önnur héraðsskjalasöfn vegna ýmissa lögbundinna verkefna.

Þar var horft til verkferla í tengslum við móttöku, skráningu og frágang afhendinga frá sveitarfélögum og stofnunum þeirra auk þess sem ferlar og verklag vegna tilkynninga á rafrænum kerfum, gagnagrunnum og skráum var sérstaklega skoðað. Ljóst er að opinberum skjalasöfnum þarf að tryggja aukid fjármagn vegna þeirra krafna sem settar eru fram í lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn, en lögin hafa enn ekki verið kostnaðarmetin.

Notenda- og stjórnendaviðmót ljósmynda- og miðlunarvefs tók breytingum, nýir skjalaflokkar og nýjar skjalaskrár voru gerð aðgengileg á vef skjalasafnsins, *myndasetur.is*. Eins og undanfarin ár hverfðist kjarnastarfsemi skjalasafnsins um móttöku og skráningu skjala, aðgengi að skjölum á lestrarsal og vef, afgreiðslu fyrirspurna og erinda, ráðgjöf og eftirlit auk miðlunar á skjölum og safnkosti.

Stjórn og starfsfólk

Stjórn héraðsskjalasafnsins er skipuð af Héraðsnefnd Árneseinga bs. Í stjórninni sitja Kjartan Björnsson formaður, Sveitarfélaginu Árborg, Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélaginu Ölfusi og Valgerður Sævarsdóttir, Bláskógabyggð.

Stöðugildi við héraðsskjalasafnið voru tæplega fjögur. Héraðsskjalavörður og skjalaverðir í fullu starfi voru Þorsteinn Tryggvi Mátsson, Sævar Logi Ólafsson, Guðmunda Ólafsdóttir og Edda Linn Rise. Starfsmenn í miðlunarverkefni voru F. Elli Hafliðason og Steinunn Birna Guðjónsdóttir.

Sævar Logi sagði starfi sínu lausu í ársbyrjun eftir tæplega tíu ára farsælt starf og hætti í lok mars. Honum er hér sérstaklega þakkað fyrir framúrskarandi störf fyrir skjalasafnið á þessum tíma.

Starfsemi og aðbúnaður

Starfsemi héraðsskjalasafnsins á árinu 2019 var með hefðbundnu sniði. Skjalasafnið starfar í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 auk þess sem ýmis önnur lög hafa áhrif á starfsemi og rekstur þess. Starfsemi héraðsskjalasafnsins er í meginráttum fjórþætt þ.e. móttaka skjala afhendingarskyldra og einkaaðila, skráning og aðgengi að skjölum, eftirlit og ráðgjöf með skjalavörslu afhendingarskyldra aðila, auk hverskyns miðlunar á skjölum í safnkostinum. Héraðsskjalasafnið er hægt að skilgreina sem stjórnsýslu-, þjónustu- og menningarstofnun með ábyrgðarmikið hlutverk þegar horft er til rekjanleika og gagnsæis í stjórnsýslu sem og réttinda almennings. Það er mikilvægt að stofnanir og almenningur geti með einföldum hætti nýtt sér þjónustu héraðsskjalasafnsins. Miðlun

© Héraðsskjalasafn Árneseinga 2020

Ritstjórn: Þorsteinn Tryggvi Mátsson.
Umbrot: Þorsteinn Tryggvi Mátsson.
Prófarkalestur: Hannes Stefánsson.

Allar ljósmyndir eru teknar af starfsfólki héraðsskjalasafnsins nema annað sé tekið fram.

Forsíðumynd: Nokkrar kynslóðir standa fyrir framan bæjarhúsin í Gröf, Hrunamannahreppi. F.v. Óþekktur maður horfir brosandí í áttina að Kristínu Gunnlaugsdóttur (15.6.1892-12.4.1983) en hún heldur á litlu barni sem gæti verið Guðlaug Arnórsdóttir dóttir hennar (21.3.1928-22.6.1968). Við hlið hennar er eldri kona með sjal og fléttur að ræða við mann í frakka og með sixpensara á höfði. Konan með sjalið gæti verið Sigríður Eyjólfsdóttir (28.2.1841-6.6.1934) móðir Arnórs Gíslasonar (7.7.1877-6.12.1957) eiginmanns Kristínar Gunnlaugsdóttur. Ljósmyndari óþekktur. 2019/33 Gröf 00500.

Baksíðumynd: Nemendur við Menntaskólann að Laugarvatni í riddaraslag árið 1955. Í baksýn eru heimavistarhús Héraðsskólans á Laugarvatni. Ljósmyndari óþekktur. 2019/33 Gröf 00117.



á safnkosti og skjalaskrár verður af þessum sökum æ mikilvægari þáttur í kjarnastarfsemi skjalasafnsins og gefur notendum um leið tækifæri til að vera meira sjálfbjarga en áður þegar kemur að leit og notkun skjala. Aðgengi að skjölum þarf að tryggja með skilvirkri skráningu af hálfu skjalamyndara og starfsfólks skjalasafnsins. Skjölum sem sett eru á vefsíðu skjalasafnsins *myndasetur.is* fjölgar jafnt og þétt. Það auðveldar stjórnvöldum og almenningi aðgengi að þeim.

Allt frá árinu 2009 hafa upplýsingar um fyrirspurnir, erindi, lán á lestrarsal, önnur not á safnkosti, fjölda og stærð afhendinga o.fl. verið teknar saman. Tilgangur þessarar söfnunar er að ná betur utan um vissa grunnþætti í starfsemi, s.s. skjalaskráningu, öryggisafritun skjala, miðlun skjala á vef o.s.frv. Þessar upplýsingar eru mikilvægt veganesti við mótun framtíðarstefnu skjalasafnsins.

Héraðsskjalasafn Árnesinga, Héraðsskjalasafn Akraness, Héraðsskjalasafn Kópavogs, Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar og Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu undirrituðu samstarfssamning sín á milli þann 6. mars. Starfsfólk þessara skjalasafna hafði á árinu 2018 unnið mikið saman vegna innleiðingar á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og hafði sú samvinna stutt vel við þá faglegu vinnu sem unnin var á hverju safni fyrir sig.

Eitt af meginmarkmiðum samstarfssamningsins er að skapa grundvöll fyrir enn frekari samvinnu á sviði langtímaavörslu rafrænna skjala, s.s. vinnu vegna tilkynninga og samþykkt á rafrænum skjalavörslukerfum, tilkynningu rafrænna skráa og gagna-grunna sem og uppsetningu á verkstæði til móttöku rafrænna skjala. Samningurinn nær enn fremur til eftirlits- og ráðgjafahlutverks safnanna gagnvart stofnunum


sveitarfélaga í umdæmi þeirra. Ætlunin er að styrkja getu þessara opinberu skjalasafna til að takast á við þau margvíslegu verkefni sem tengjast rafrænni stjórnslu og skjalavörslu. Í samningnum er einnig horft til síðareglna alþjóða skjalaráðsins, áreiðanleika skjala og milliliðalausrar sönnunarfarlsu. Þá opnar samningurinn fyrir frekara samstarfi s.s. vegna söfnunar á upplýsingum frá afhendingarskyldum aðilum, úrvinnslu slíkra upplýsinga, gerðar kostnaðar- og áhættumats svo dæmi séu tekin. Engar fjárhagslegar skuldbindingar tengjast samningi þessum. Vinna starfsfólks þessara skjalasafna hefur þegar haft breytingar í för með sér varðandi framkvæmd eftirlits og ljóst að skjalasöfnin standa sterkar að vígi faglega en áður.

11. mars undir rituðu forstöðumenn Héraðsskjalasafns Árnesinga, Héraðsskjalasafns Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga, Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafellssýslu og Héraðsskjalasafns Vestmannaeyja viljayfirlýsingu þess efnis að skoða mögulega sameiningu þessara skjalasafna. Með sameiningu skapast sóknarfæri til að takast betur á við lögbundin verkefni og bæta þannig skjalavörslu á sveitarstjórnarstiginu. Stærri rekstrareining styrkir fagþekkingu á sviði skjalavörslu þvert á sveitarfélagamörk, eykur sérhæfingu og skilvirkni og bætir verklag. Samlegðaráhrif gera skjalasöfnin betur í stakk búin til að takast á við stærri og flóknari úrlausnarefni en nú er. Til að tryggja farsæla lausn er hugað að öflugri miðstöð á Selfossi, en starfsstöðvar þurfa að vera á Skógum, Höfn og í Vestmannaeyjum til að tryggja að sveitarfélög og íbúar þar geti eftir sem áður nálgast og afhent skjöl. Nánd skjalasafna við íbúa á hverjum stað skiptir máli og ljóst að menningarhlutverk héraðsskjalasafna á hverjum stað getur haft mikilsverð áhrif á sjálfsmynd íbúa. Héraðsskjalaverðir á hverjum stað hafa rætt við kjörna fulltrúa sveitarstjórna og hefur þessari tillögu verið vel tekið. Verkefnið er nú bæði í höndum forstöðumanna safnanna og í höndum kjörinna fulltrúa.

Árið 2018 voru samþykkt lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Í kjölfar lagasetningarinnar var sveitarstjórnnum skylt að vinna áhættumat á vinnslu persónuupplýsinga. Héraðsskjalasöfnin fóru ekki varhluta af lagasetningunni og tengslum skjalavörslu og persónuverndar vegna vinnu sveitarfélaga við áhættumat og vinnslu persónuupplýsinga. Í framhaldi af lagasetningunni var farið að ræða möguleika á því að héraðsskjalasafnið tæki að sér hlutverk persónuverndarfulltrúa fyrir nokkur sveitarfélög innan sýslunnar og gengið var frá samningi þess efnis við Hrunamannahrepp í árslok 2019. Þá voru hafnar viðræður við önnur sveitarfélög um að héraðsskjalasafnið tæki að sér hlutverk persónuverndarfulltrúa.

Fyrirspurnir og erindi þ.m.t. lán á lestrarsal voru 857 sem er rúmlega 6% aukning frá fyrra ári. Um 20% fyrirspurna, erinda og afhendinga voru frá sveitarfélögum og stofnunum þeirra. Fyrirspurnir og erindi voru 685 frá einstaklingum, hópum og/eða félögum og afhendingar alls 95. Þá eru teknar saman upplýsingar um fjölda askja sem notaðar eru á lestrarsal og fjölda askja sem notaðar eru vegna fyrirspurna og erinda. Þessar upplýsingar segja til um hvaða skjöl eru notuð og hvaða skjöl væri ráðlegt að gera aðgengileg á vef. Lán á lestrarsal voru 51, alls 168 skjalaöskjur, en fjöldi skjalaeininga, arka, var meiri. Þá notaði starfsfólk safnkostinn til að svara margvíslegum


Sundurliðun fyrirspurna og erinda




erindum. Fyrirspurnir sem kölluðu á afgreiðslu voru 360 auk 176 erinda vegna ljósmynda og ljósmyndaskráningar. Það nýmæli að gefa notendum tækifæri til að senda inn ábendingar vegna ljósmynda á vef vakti lukku og alls barst 181 ábending, en athugasemdir voru gerðar við 380 ljósmyndir. Lesvélur voru ekkert notaðar af gestum í fyrsta skipti frá 1991 en starfsfólk notaði þær lítillga. Þess í stað var notendum vísað á prestsþjónustubækur og sóknarmannatöl á vef Þjóðskjalasafns.

Afhendingar á árinu 2019 voru 95. Fjöldi afhendinga hefur ekki tekið miklum breytingum á undanförunum árum ef undan er skilið árið 2014 þegar skjalageymslur voru fullar. Síðustu tíu ár hafa afhendingar að jafnaði verið 89 á ári. Árið 2019 voru alls afhentir 21,84 hillumetrar. Í upphafi árs var ljóst að hillupláss í skjalageymslum væri nær uppurið og afhendingarskyldum aðilum bent á að skjalasafnið tæki ekki við skjölum nema í undantekningartilfellum. Þetta var gert til að tryggja að einstaklingar og félög gætu eftir sem áður afhent skjöl sín. Árin 2017 og 2018 voru aftur á móti metár þegar kom að fjölda hillumetra, 124,68 hillumetrar árið 2017 og 131,92 hillumetrar árið 2018. Í áætlunum skjalasafnsins er gert ráð fyrir að afhendingar verði 40 til 50 hillumetrar að jafnaði á ári næstu árin. Frá 2010-2019 var tekið á móti 612 hillumetrum eða 61,2 hillumetrum að jafnaði. Á árunum 2003-2009 voru að jafnaði afhentir 35 hillumetrar, en afhending á skjölum Kaupfélags Árnesinga frá árinu 2003 skekkir þá tölu nokkuð. Skjöl þess fylla 70 hillumetra en ef horft er fram hjá þeirri afhendingu er fjöldi hillumetra að meðaltali 25. Afhendingarskyldir aðilar afhentu 14,26 hillumetra en einkaskjalasöfn voru 7,58


Fjöldi afhendinga 2015-2019



Fjöldi hillumetra 2015-2019



Fjöldi hillumetra skráður skv. ISAD-G



hillumetrar. Árið 2018 voru opinber skjöl 117,96 hillumetrar og einkaskjöl 13,96. Skráningu afhendinga sem bárust var sinnt jafnóðum.

Allt frá upphafi hafa fleiri karlar en konur nýtt sér þjónustu skjalasafnsins. Bilið á milli kynja hefur þó minnkað á undanfönum árum. Karlar voru 590 en konur 351, hlutfall kvenna er því tæplega 38% sem er sama hlutfall og fram í nóvember og þurftu notendur að nýta sér starfsmanninngang skjalasafnsins.

Fyrirspurnum og erindum var svarað jafnóðum á vinnutíma starfsfólks. Skjalasafnið var lokað í tvær vikur vegna sumarleyfa. Breytingar á húsnæði Bókasafns Sveitarfélagsins Árborgar og flutningar á þjónustuveri sveitarfélagsins höfðu áhrif á starfsemi skjalasafnsins frá því um miðjan ágúst og fram í nóvember og þurftu notendur að nýta sér starfsmanninngang skjalasafnsins.

Skjalaskráning

Skjalaskráning fylgir stöðlum alþjóða skjalaráðsins ICA, þ.e. ISAD-G og ISAAR auk ISDIAH, sem Þjóðskjalasafn Íslands notar sem viðmið við skráningu skjala. Staðlarnir taka m.a. til skjalaskráningar, upplýsinga um skjalamyndara sem og upplýsinga um héraðsskjalasafnið sjálft. Greinargerðir og skjalaskrár eru aðgengilegar á lestrarsal. Nú er búið að skrá nær allar afhendingar frá 2003–2019 samkvæmt stöðlum.

Þetta eru 1385 aðfanganúmer, auk 89 afhendinga sem eru með aðfanganúmer 1010-1019, en þær afhendingar höfðu ekki verið skráðar í aðfangabók. Afhendingar með aðfanganúmer 2003-2019 eru 859,5 hillumetrar, afhendingar með aðfanganúmer 1010-1019 eru 16,94 hillumetrar, samtals eru þetta 876,44 hillumetrar. Þetta eru alls 1474 aðfanganúmer, fjöldi opinberra afhendinga er 484 en einkaskjalasöfn eru 990. Einkaskjalasöfnum er svo hægt að skipta niður í einkafyrirtæki (83 aðfanganúmer), einstaklinga (465 aðfanganúmer), félög/samtök (393 aðfanganúmer) og fjölskyldur (49 aðfanganúmer). Opinber söfn eru 32% en einkaskjalasöfnin 68%. Ef horft er á hillumetra snýst þetta við, opinber skjöl eru 521,57 hillumetrar eða 60% en einkaskjalasöfn eru 354,87 eða 40%. Ef þessar tölur eru bornar saman á milli ára hafa einstaka afhendingar mikil áhrif á tölfræði, sbr. fyrrnefnd afhending Kaupfélags Árnesinga frá 2003. Samhliða skjalaskráningu er aðfangabók skjalasafnsins uppfærð. Aðfangabókin er lykillinn að skjalaskrá og veitir nauðsynlega yfirsýn yfir safnkostinn. Endurskráning skjala er gerð í samræmi við ISAD-G staðal og er hluti af kjarnastarfsemi skjalasafnsins.

Skjalaskrár er nú hægt að nálgast á vef fyrir þær afhendingar sem skráðar eru skv. ISAD-G. Þá er búið að tengja saman skjalaskrár og ljósmyndir af safnkosti, t.d. gjörðabækur sveitarfélaga og hægt að fletta og/eða fara á milli skjalaskráa og skjala sem eru aðgengileg á miðlunarvef skjalasafnsins. Fleiri en áður nota nú vefinn til að glöggva

sig á safnkostinum og þá auðveldar miðlun og birting skjalaskráa afgreiðslu sumra fyrirspurna. Notendur eru því enn meira sjálfbjarga en áður þegar kemur að leit að skjölum. Samt er ekki hægt að horfa fram hjá þekkingu starfsfólks á safnkostinum, innra samhengi afhendinga og stjórnsýslu sveitarfélaganna. Þessi áunna þekking starfsfólks og reynsla skiptir oft á tíðum sköpum þegar kemur að leit í safnkostinum.

Samstarfsverkefni Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita frá 2018 var fram haldið. Þetta verkefni var unnið af Guðmundu Ólafsdóttur skjalaverði sem fór yfir allar teikningar, skannaði inn ásamt fylgigögnum og skráði. Afhendingin er 8,30 hillumetrar og fjöldi arka 1.117. Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita fékk rafræn afrit af öllum teikningum og getur embættið nú afhent þessi skjöl á rafrænu formi. Enn er nokkurt magn eftir af teikningum og verður verkefninu haldið áfram á næsta ári. Miklu skiptir að skjöl skipulags- og byggingafulltrúa embættanna séu vel skráð, gildir einu hvort það er hjá embættunum eða eftir að þau eru komin í vörslu skjalasafnsins. Héraðsskjalasafnið hefur tekið á móti skjölum Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita og skipulags- og byggingafulltrúa í Sveitarfélaginu Árborg. Frumgögnin eru nú í vörslu skjalasafnsins en embættin geta afgreitt skjöl með rafrænum hætti gegnum landupplýsingavefi eða með öðrum hætti.

Langtímavarsla rafrænna skjala afhendingarskyldra aðila var mikið til umfjöllunar á árinu meðal starfsfólks héraðsskjalasafna og á fundum með stjórnendum og kjörnum fulltrúum sveitarfélaga. Sérstaklega var unnið að gerð verkferla vegna tilkynninga á rafrænum skjalavörslukerfum og gagnagrunnum. Þessi vinna er bæði umfangsmikil og tímafrek og kostnaður vegna rafrænna skila á vörsluútgáfum ekki ljós. Þá flækir regluverk Þjóðskjalasafns skil í ljósi þess að sveitarfélögin munu þurfa að afgreiða úr vörsluútgáfum í 25 ár eftir að vörsluútgáfum hefur verið skilað til héraðsskjalasafnsins. Það er vert að staldra við og líta til rafrænnar stjórnsýslu annars vegar og langtímavörslu rafrænna skjala hins vegar. Allar stofnanir ríkis og sveitarfélaga nýta tölvutækni við afgreiðslu mála og erinda, í samskiptum sín á milli eða í samskiptum við íbúa. Ekki þarf að setja samasemmerki á milli rafrænnar stjórnsýslu og skjalavörslu. Skjalavarsla þarf að tryggja aðgengi, áreiðan- og rekjanleika skjala og stjórnvaldsákvæðana sem og réttindi íbúa og allra lögaðila. Það er hægt að gera með hefðbundnum skjalavörsluáðferðum.

Eftirlit og ráðgjöf

Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 kveða á um eftirlitsskyldu opinberra skjalasafna með afhendingarskyldum aðilum á sveitarstjórnarstiginu. Aðkoma héraðsskjalasafna að eftirliti og ráðgjöf hefur aukist á undanförunum árum. Árið 2019 var nokkuð umsvifamikil þegar horft er til eftirlits og ráðgjafar og ljóst að eftirlits- og ráðgjafahlutverk safnsins er eitt af stóru verkefnum sem eru framundan. Hér er bæði horft til ráðgjafar og aðkomu að gerð skjalavistunaráætla og málalýkla auk samstarfsverkefna með afhendingarskyldum aðilum sem tengjast



Hluti af skjalasafni Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, sem Guðmundu Ólafsdóttir skjalavörður skráði, komið í hillur.



Hópur fólks situr á tröppum Kaupfélags Árnesinga við Austurveg. Til vinstri sér í húsi S.Ó. Ólafssonar & Co h.f. til vinstri, Þá Selfosskirkja og Addabúð. Í bakgrunni er Skálafell. Rúturnar eru báðar merktar Norðurleið. fólkið eru tvær rútur merktar Norðurleið. Ljósmyndari óþekktur. 2019/33 Gröf 00482.

tilkynningu rafrænna skjalavörslukerfa, gagnagrunna og skráa. Sú sérfræðiþekking sem er fyrir hendi á héraðsskjalasafninu og hjá þeim hópi skjalasafna sem nú eru í formlegu samstarfi mun nýtast vel við þessa vinnu.

Fyrirspurnir og erindi sveitarfélaga og stofnana sveitarfélaga voru 172 á árinu sem er sambærilegt við fjölda fyrirspurna og erinda undanfarin ár, þar af voru fyrirspurnir vegna eftirlits og ráðgjafar 45. Ráðgjöf á sviði skjalavörslu krefst þekkingar á þeim mörgu verkefnum sem sveitarfélögin sinna. Starfsfolk skjalasafnsins þarf að vera lausnamiðað í allri nálgun á verkefni tengd skjalavörslu en tryggja um leið að farið sé að settum reglum. Samfella í embættisfærslu er mikilvæg og á að tryggja að málsmeðferð sé í samræmi við lög en um leið þarf að tryggja að sveitarfélögin geti uppfyllt þær kröfur og væntingar sem íbúar og þau sjálf setja sér um gæði þeirrar þjónustu sem þau veita.

Aldrei hafa fleiri stofnanir sveitarfélaga unnið með skjalavistunaráætlanir og mála-lykla og á árinu eða 24 samtals. Skjalavistunaráætlanir sumra eru í endurskoðun en annað skjalavörslutímabil hafið hjá öðrum. Ljóst er að skipuleg skráning og utunumhald um skjöl stofnana óháð áritunarformi þeirra, þ.e. hvort um er að ræða pappír,

tölvupóst eða skjöl á rafrænu formi bætir og einfaldar stjórnsýslu á sama tíma og hún verður ódýrari og hagkvæmari.

Huga þarf betur að útfærslu og framkvæmd eftirlits með afhendingarskyldum aðilum. Skerpa þarf á valdmörkum og tryggja að eftirlit sé í samræmi við lög og reglur. Eftirlit þarf að eiga sér lagastoð, skjalasöfnin geta hvorki gert sér né afhendingarskyldum aðilum upp skyldur og á sama tíma þarf að tryggja að skjalasöfnin geti sinnt eftirliti í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Þessi nálgun á eftirlitshlutverkið er mikilvæg og tryggir faglega nálgun á verkefnið, bæði gerð gátlista, fyrirkomulag eftirlits, gerð skýrslna og eftirfylgni. Eftirlit þarf að nýtast stofnunum sveitarfélaga og bæta enn frekar skjalavörslu á sveitarstjórnarstig- inu. Þetta er samvinnuverkefni afhendingarskyldra aðila og skjalasafnsins.

Fjöldi afhendingarskyldra aðila var heimsóttur á árinu þar sem farið var yfir ýmsa þætti er snerta skjalahald, afhendingar sóttar, farið yfir skjalageymslur o.s.frv.

Eins og undanfarin ár voru skjalaöskjur keyptar frá KLUG Conservation í Þýskalandi í samvinnu við Héraðsskjalasafnið í Kópavogi og öðrum héraðsskjalasöfnum gefinn kostur á að taka þátt.

Húsnæðismál

Húsnæðismál skjalasafnsins voru mikið til umræðu bæði hjá stjórn, starfsfólki og á fundum Héraðsnefndar Árnesinga bs. Rýmisáætlun sem unnin var árið 2017 var endurskoðuð á árinu og nú gert ráð fyrir um 1000 m² húsnæði þar sem skjalageymslur eru um 55% af samanlögðum fermetraffjölda, auk þess sem gert er ráð fyrir móttöku, vinnurými, skrifstofum, fundarrými, lestrarsal o.fl. Þarna er horft til þess að skjalageymslur í nýju húsnæði geti tekið við skjölum afhendingarskyldra aðila og einkaaðila næstu 25-30 árin. Á sama tíma er einnig mikilvægt að skjalasafnið ræki stjórnáætlun-, menningar- og þjónustuhlutverk sitt af kostgæfni og með þeim hætti að skjalasafnið nýtist sveitarfélögunum og almenningi eins vel og kostur er. Skjalageymslur í núverandi húsnæði að Austurvegi 2 og í Háheiði 9 eru fullar og það krefst æ meiri útsjónarsemi að taka á móti afhendingum. Þá má ekki gleyma að starfsemi skjalasafnsins hefur verið til húsa að Austurvegi 2 í tæp 30 ár. Á þessum tíma hefur safnkosturinn ekki bara margfaldast, það sama á við um fjölda fyrirspurna og erinda, fjölda íbúa í héraðinu, fjölda starfsfólks o.fl. Það er tímabært að starfsemi skjalasafnsins verði flutt í nýtt húsnæði sem hentar betur undir það ábyrgðarmikla hlutverk sem skjalasafninu ber að sinna.

Í árslok 2018 voru 22,5 hillumetrar lausir. Á árinu 2019 var tekið á móti 21,58 hillumetrum svo það er þröngt á þingi í skjalageymslum safnsins. Endurskráning og endurskipulagning í skjalageymslum hefur þó tryggt að enn er hægt að taka við afhendingum. Mestu munar um flutninga á skjölum af Austurvegi í skjalageymslu í Háheiði auk þess sem hluti af skjölum þar var settur á vörubretti. Vinnuástaða í Háheiði nýttist vel vegna stórra skráningarverkefna.

Á haustfundi héraðsnefndar voru húsnæðismál skjalasafnsins sérstaklega til umræðu, rætt var um staðsetningu skjalasafnsins og samþykkt að skjalasafnið verði áfram á Selfossi. Síðustu mánuðir ársins voru nýttir til að fara aftur yfir rýmisáætlun og þá var rætt við aðila vegna nýbyggingar við Austurveg á Selfossi. Þetta er stórt og metnaðarfullt verkefni og sú vegferð sem nú er hafin lofar góðu um framhaldið.

Miðlun og rannsóknir

Miðlun á safnkosti er sívaxandi hluti af starfsemi skjalasafnsins. Í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 er kveðið á um miðlun á mikilvægum skjölum s.s. á vef eða með öðrum hætti og þá eiga skjalasöfnin að veita fræðslu um sögu þjóðar og byggðarlaga á grundvelli skjala í vörslu þeirra. Frá árinu 2013 hefur vefsíða skjalasafnsins *myndasetur.is* styrkt ímynd þess út á við, en þar er að finna margvíslegar upplýsingar um starfsemi og tilgang þess. Hryggjarstykki vefsíðunnar er miðlunarvefurinn sem nú er þrískiptur, þ.e. ljósmyndavefur, miðlun skjala og miðlun skjalaskráa á vef.

Myndasetur.is er fyrir löngu orðin almenningseign þrátt fyrir að litlu hafi verið kostað til við kynningu á vefnum. Vefurinn auglýsir sig sjálfur en við afgreiðslu



Greiningarfundur í Norðursal í ráðhúsi Sv. Árborgar. 15 til 20 manna harður kjarni velunnara skjalasafnsins aðstoðaði starfsfólk við að nafngreina fólk og bæta við ýmsum upplýsingum. Þessir fundir eru mikilvæg viðbót við starfsemina um leið og þekking almennings er nýtt með góðum árangri.

fyrirspurna og erinda er oft vísað til ljósmynda, mynda af skjölum og í skjalaskrár. Fjölmarginir hópar á Facebook nýta sér myndir af vef skjalasafnsins með ýmsum hætti til að auglýsa viðburði eða bara til að deila, skemmta og fræða, fá athugasemdir og skapa umræðu. Í sumum tilfellum hafa ábendingar um einstaklinga eða viðburði ratað til starfsfólks í tölvupósti eða í einkaskilaboðum á samfélagsmiðlum og hafa ábendingar þá verið skoðaðar og skráning ljósmynda í kjölfarið bætt. Ákveðið var að bregðast við þessu með því að setja sérstakan ábendingarflipa á ljósmyndavefinn þar sem notendur geta sent inn ábendingar við þær ljósmyndir sem þeir eru að skoða. Ábendingarnar berast sem tölvupóstur og þá fer starfsfólk safnsins yfir ábendingar og bætir við eða leiðréttir skráningu. Miðlunarvefurinn gefur notendum tækifæri til að nálgast safnkostinn með öðrum hætti en áður, utan afgreiðslutíma skjalasafnsins og heiman frá sér. Þannig nýtist vefurinn núna bæði almenningi og fræðimönnum við rannsóknir og sem afþreying.

Ljósmyndaafhendingar berast jöfnum höndum, ýmist sem hluti af stærri afhendingum eða eingöngu ljósmyndir. Ekki sér fyrir endann á skönnun og skráningu á ljósmyndum sem skjalasafninu hafa borist í gegnum árin en 144.735 ljósmyndir er nú búið að skanna. 116.421 ljósmynd er aðgengileg á vef, en þetta er fjölgun um rétt tæplega 10.000 ljósmyndir á milli ára. Skönnun, skráning og ítarskráning ljósmynda er unnin jöfnum höndum og er óaðskiljanlegur hluti af kjarnastarfsemi skjalasafnsins. Ábendingar almennings eru yfirfarnar vikulega svo að villum fækkar jafnt og þétt. Sérstaklega ber að þakka Tómasi Jónssyni fyrir skráningu á ljósmyndum en hann hefur allt frá árinu 2011 unnið af einstakri samviskusemi og nákvæmni að skráningu á ljósmyndum í fjölda afhendinga. Velunnarar skjalasafnsins láta sig heldur ekki vanta

og í heimsóknnum þeirra á lestrarsal bæta þeir við margvíslegum athugasemdum um menn, staði og viðburði. Sveitarfélagið Árborg styrkti ljósmyndaverkefnið á árinu eins og það hefur gert allt frá byrjun. Lionsklúbbur Selfoss styrkti safnið vegna viðtala við frumbyggja á Selfossi.

Greiningarfundir á ljósmyndum voru haldnir í Ráðhúsi Sveitarfélagsins Árborgar þar sem ljósmyndir tengdar Árnessýslu voru sýndar og á Hvolsvelli þar sem gestir aðstoðuðu við greiningu á ljósmyndum Ottós Eyfjörð. Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkti greiningarfundina. Aðstoð almennings er ómetanleg og án þessarar samvinnu væri ekki hægt að skrá ljósmyndirnar nema að hluta. Veturinn 2019-2020 er fjórði veturinn sem greiningarfundir eru haldnir reglulega. Þá voru haldnir sérstakir greiningarfundir með Sögu- og minjanefnd HSK.

Auk ljósmynda er hægt að nálgast eftirfarandi skjalaflokka á miðlunarvef: Brunavirðingarbækur sveitarfélaga, gjörðabækur kvenfélaga, gjörðabækur sveitarfélaga, gjörðabækur ungmennafélaga, félagsblöð ungmennafélaga, skjöl Flóa-áveitunnar, skjöl hreppstjóra og skjalasafn Sýslunefndar Árnésinga. Alls eru 45.926 ljósmyndir af skjölum á vefnum. Sú yfirgrípamikla þekking og reynsla sem starfsfólk hefur af skönnun, ljósmyndun og skráningu lýsigagna sem og miðlun í tengslum við ljósmyndaverkefnið hefur skipt sköpum, en mikill fjöldi skjala bíður þess að vera ljósmyndaður og þeim miðlað. Þá nýtist þessi vinna vel sem hluti af öryggisáætlun og stafrænni gerð öryggisafrita af mikilvægum skjölum í safnkostinum.

Skjalaskrár fyrir afhendingar frá 2003-2019 eru nú aðgengilegar á vef, leitarbærar og hægt að prenta þær út eða hlaða þeim niður. Skjalaskrárnar gera notendur meira sjálfbjarga en áður. Þeir vita hvað er til og starfsfólk getur þá verið þeim innanhandar ef þarf vegna sérþekkingar þess og eins vegna aðgengistakmarkana.

Skjalasafnið fékk þrjá verkefnastyrki til miðlunar á safnkostinum frá Þjóðskjalasafni Íslands, þ.e. á skjölum Sýslunefndar Árnésinga, á skjölum hreppstjóra og sveitarfélaga og á gjörðabókum ungmennafélaga. Tveir starfsmenn voru verkefnaráðnir vegna þessara verkefna. 21.783 ljósmyndir af skjölum voru settar á vefinn í þessum þremur verkefnum. Sú veflausn sem er notuð er hönnuð af Ágústi Inga Kjartanssyni og Þorsteini Tryggva og er hún notuð af fjórum héraðsskjalasöfnum og þá er ljósmyndavefurinn notaður víðar. Miðlunarvefurinn tekur reglulega breytingum til að tryggja að hann standist þær kröfur sem starfsfólk og almenningur gera til hans bæði hvað varðar leitarbærni, útlit, framsetningu, hraða o.fl. Leiðarstef við hönnun vefsins hefur allt frá byrjun verið einfaldleiki og yfirsýn. Notendur eiga að geta fundið það sem þeir leita að með fáum músarsmellum, gildir einu hvort það eru ljósmyndir eða skjöl. Ljósmynda-, miðlunar- og skjalaskrárvefirnir eru byggðir upp með svipuðu sniði og notendur geta alltaf náð í frekari lýsigögn gerist þess þörf. Meginbreytingar á vef skjalasafnsins á árinu fólust í tengingum milli skjalaskrár- og miðlunarvefs. Þá voru möguleikar á því að setja inn hljóðskrár og kvikmyndir á vefinn skoðaðar svo það er ljóst að á næstu árum munu fleiri heimildaflokkar rata út á vef skjalasafnsins. Þá var unnið að breytingum á stjórndavíðmóti.

Ingileif Jónsdóttir í Steinskoti á Eyrarbakka bakar pönnukökur af mikilli snið. Þetta er eitt af 10 veggspjöldum sem útbúin voru.

Sýningin *Bakur og bakkelsi* var sett upp í Húsinu á Eyrarbakka 7. september. Útgangspunktur sýningarinnar voru uppskriftabækur fjögurra kvenna sem varðveittar eru á safninu, þ.e. þeirra Guðfinnu Guðmundsdóttur, Guðfinnu Hannesdóttur, Guðlaugar--M. Björnsdóttur og Helgu Sigurðardóttur. Óhætt er að segja að uppskriftabækur kvenna á tímabilinu 1930-1970 eigi erindi við samtímann í ljósi umræðna um matarsóun og vistspor. Alls voru útbúin tíu veggspjöld þar sem farið var yfir sögu baksturs, menntun húsmæðra og þá sérstaklega Húsmæðraskóla Suðurlands og Kvennaskólann á Hverabökkum auk breytinga á bakstri og matarmenningu. Gestum var boðið að smakka á kökum úr uppskriftabókum kvennanna sem vakti mikla lukku og þá voru gestir hvattir til að skrifa uppskriftir í bók sem lá frammi. Guðmunda Ólafsdóttir sá um bakstur auk þess að semja texta í samvinnu með Þorsteini Tryggva sem hannaði veggspjöldin.

Opinber skjalasöfn eiga að gangast fyrir rannsóknum á safnkostinum eftir því sem fjárheimildir leyfa á hverjum tíma auk þess að greiða fyrir og/eða hafa skjöl til

reiðu vegna rannsókna. Rannsóknarhugtakið er ekki skilgreint frekar. Við skráningu skjalasafna eru gerðar greinargerðir með hverju safni þar sem m.a. eru settar fram upplýsingar um skjalamyndara, stofnun eða einstakling, æviágrip, hlutverk stofnunar o.s.frv. auk ítarlegrar lýsingar á hverjum skjalaflokki. Í mörgum tilvikum eru þetta einu upplýsingarnar sem teknar hafa verið saman um viðkomandi einstakling eða þá um viðkomandi stofnun, sögu stofnunar, hlutverk hennar og þau skjöl sem þar hafa verið mynduð. Þótt greinargerðir séu ekki miklar að vöxtum eru þær engu að síður þýðingarmiklar sem fyrsta skref í frekari rannsóknum.

Vinna við sýningar eins og *Bækur og bakkelsi* verður líka að flokkast sem rannsókn þó svo að útkoman sé ekki rit heldur sýning. Textagerð byggir á rannsóknum á safn-kosti auk annarra heimilda bæði útgefna og óútgefna. Þegar kemur að sýningum á vegum skjalasafna, þá eru rannsóknir og miðlun sín hvor hliðin á peningnum.

Héraðsskjalasafnið hefur frá árinu 2018 unnið að húsaskráningarverkefni á Eyrarbakka vegna verkefnisins *Eyrarbakki verndarsvæði í byggð* fyrir Sveitarfélagið Árborg. Þetta er metnaðarfullt verkefni sem tekur til rúmlega 150 húsa á Eyrarbakka, þar sem sögu húsanna, eigendasögu, upphaflegri gerð þeirra og breytingum eru gerð skil. Áætlað er að verkefninu ljúki árið 2020.

Námskeið og fundir

Starfsfólk Héraðsskjalasafns Árnesinga, Héraðsskjalasafns Akraness, Héraðsskjalasafns Kópavogs, Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar og Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafellssýslu á Höfn undirritaði samstarfssamning sín á milli 6. mars 2019. Samstarfssamningurinn var í kjölfarið lagður fram til kynningar hjá stjórnnum og sviðum þeirra sveitarfélaga sem standa að rekstri þessara skjalasafna. Markmið samningsins voru að formgera þá góðu samvinnu sem þessi héraðsskjalasöfn hafa haft sín á milli í gegnum árin og að gera þau, hvert um sig, enn betur til þess fallin að takast á við þau mörgu og krefjandi verkefni sem framundan eru.

Á undanförunum árum hefur samstarf þessara héraðsskjalasafna aukist og raungerst í ýmiss konar fræðslu- og fundarhaldi. Í ársbyrjun 2019 var ákveðið að formgera þetta samstarf enn frekar og tryggja að þessi héraðsskjalasöfn geti tekist á við þau margvíslegu verkefni sem þeim ber í samræmi við lög. Langtímavarsla rafrænnar skjalavörslu var í brennidepli á árinu. Þar var horft til tilkynninga á kerfum og vörslu-útgáfa auk þess sem ráðist var í að skoða aðrar aðferðir, kostnað, áhættu og ávinning í samræmi við fagleg viðmið. Samningurinn nær einnig til ráðgjafar- og eftirlitshlutverks safnanna auk þess að opna á samvinnu s.s. við gerð innri verkferla, söfnun einkaskjalasafna, greiningar á upplýsingum sem verða til við eftirlit o.fl. Markmiðið er að styrkja getu skjalasafnanna til að takast á við verkefni tengd rafrænni stjórnsýslu og skjalavörslu.

Skjalasöfnin fimm leggja öll til ákveðinn tímafjölda á ársgrundvelli og geta nýtt sér vinnu hópans til að bæta eigin verkferla og nálgun á hin ýmsu lögbundnu verkefni.

Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Árnesinga 2019

Rekstrartekjur safnsins voru 42.279.007 kr. en rekstrargjöld auk stofnbúnaðar 40.017.004 kr. Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er 2.262.003 kr. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru 496.982 kr. Rekstrarniðurstaða ársins er því jákvæð um 1.765.021 kr.

	2019	2019	2018
	SKJALASAFN	ÁÆTLUN	SKJALASAFN
<i>Rekstrartekjur:</i>			
HÉRAÐSNEFND ÁRNESINGA	31.100.000	31.100.000	27.050.000
SV. ÁRBORG, STYRKUR	1.350.000	1.350.000	1.350.000
AÐRAR TEKJUR	9.829.007	7.110.000	16.312.911
SAMTALS	42.279.007	39.560.000	44.712.911

<i>Rekstrargjöld:</i>			
LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD	31.452.956	31.955.000	29.656.121
ANNAR REKSTRARKOSTN.	7.850.996	7.150.000	11.061.318
AFSKRIFTIR	713.052	500.000	634.697
SAMTALS	40.017.004	39.560.000	41.352.136

HAGNAÐUR FYRIR FJÁRMUNATEKJUR			
OG FJÁRMAGNSGJÖLD	2.262.003	0	3.360.775

<i>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</i>			
VAXTATEKJUR OG VERÐBÆTUR	55.710	0	42.595
VAXTAGJÖLD	(525.692)	0	(628.191)
SAMTALS	(496.982)	0	(585.596)

REKSTRARNIÐURSTAÐA	1.765.021	0	2.775.179
---------------------------	------------------	----------	------------------

Hópurinn setti sér í upphafi árs ákveðin tímasett markmið varðandi ráðgjöf og eftirlit með skjalavörslu afhendingarskyldra aðila og var unnið jöfnum höndum allt árið og fundað reglulega bæði gegnum fjarfundarbúnað og eins á verkfundum þar sem næstu skref voru ákveðin. 6.-8. nóvember fundaði starfsfólk safnanna á Höfn þar sem farið var yfir verkefni ársins og sjónum beint sérstaklega að gerð verkferla við tilkynningar á rafrænum skjalavörslukerfum, gagnagrunnum og skráum um leið og horft var á ýmsar útfærslur og frekara samstarf, t.a.m. um rekstur á sameiginlegu móttöku- verkstæði. Er óhætt að fullyrða að sú vinna skilaði miklu. Þá var sjónum einnig beint að eftirlitshlutverkinu og ljóst að sú vinna hefur þegar haft ákveðnar breytingar í för með sér varðandi nálgun og framkvæmd eftirlits með afhendingarskyldum aðilum og ljóst að skjalasöfnin standa faglega sterkar að vígi en áður. Þessi vinna hefur nýst vel á skjalasafninu og áfram hefur verið unnið með sömu áherslum að gerð gæða- handbókar um starfsemi skjalasafnsins. Þessi vinna styður því við frekari formfestu í allri starfsemi sem er mikilvægt í allri stjórnslu.

Samráðshópur opinberra skjalasafna fundaði einu sinni á árinu. Tvö mál voru á dagskrá, vorkundur opinberra skjalasafna og grisjunarbeiðnir sveitarfélaga sem eru aðilar að héraðsskjalasafni. Þorsteinn Tryggvi var skipaður í samráðshópinn í árs- byrjun 2018 til tveggja ára og skipunartími rennur út í ársbyrjun 2020.

4. og 5. apríl var fundur opinberra skjalasafna haldinn í húsakynnum Þjóðskjalasafns undir yfirskriftinni *Hvernig eflum við opinber skjalasöfn?* Fyrri daginn var fjallað um hlutverk samráðshóps opinberra skjalasafna, skjalasöfn hreppstjóra og hreppsnefnda, rannsóknir á opinberum skjalasöfnum og söfnun einkaskjalasafna þar sem Þorsteinn Tryggvi flutti erindi. Margar spurningar koma upp í hugann við söfnun einkaskjala- safna, eiga söfnin einfaldlega að taka við öllu því sem berst, er gert afhendingarsam- komulag, fylgja skjalasöfnin föstum verklagsreglum við móttöku, getur afhendingar aðili sett fram einhverjar kröfur, hvar eiga einkaskjalasöfn best heima, þ.e. á þetta einkaskjalasafn frekar heima á öðru safni o.s.frv? Söfnun einkaskjalasafna krefst þess að traust ríki á milli þess sem afhendir og viðkomandi skjalasafns og þá eins að for- stöðumenn skjalasafna séu tilbúnir til að leiðbeina þeim sem afhenda og þá benda á að þetta einkaskjalasafn eigi frekar heima á öðrum opinberu skjalasafni.

Seinni dagurinn fór í að ræða eftirlit, ráðgjöf, fræðslu og frumkvæðisskyldu opinberra skjalasafna. Þar flutti Þorsteinn Tryggvi erindi um frumkvæðisskyldu opinberra skjalasafna og forstöðumannaábyrgð en vandséð er að héraðsskjalasöfnin eigi að hafa frumkvæði að því að afhendingarskyldir aðilar á starfssvæðum þeirra fari að reglum Þjóðskjalasafns Íslands. Ábyrgðin er hjá skjalamyndurum, einnig skjala- vörsluábyrgð, og vandséð hvernig hún ætti að flytjast til héraðsskjalasafnanna fyrr en við afhendingu skjala sbr. 22. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn þar sem segir að ábyrgð á vörslu skjala flyst til opinbers skjalasafns við afhendingu skjala. Það þarf að gera skýran greinarmun á eftirlitsskyldu opinberra skjalasafna annars vegar og ábyrgð forstöðumanna skjalamyndara hins vegar, gildir einu hvort um er að ræða afhendingarskylda aðila ríkis eða sveitarfélaga.



Stund milli stríða á Höfn þar sem starfsfólk fimm skjalasafna vann að gerð verkferla vegna tilkynninga á rafrænum skjalakerfum, gagnagrunnum og skráum.

Skjöl afhent Héraðsskjalasafni Árnesinga 2019

- 2019/1 FERÐAFÉLAG ÁRNESINGA. 0,03 hillumetrar – Ferðafélag Árnesinga, Björg Halldórsdóttir formaður afhenti.
- 2019/2 UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐ UPPSVEITA. 8,30 hillumetrar – Umhverfis- og Tæknisvið uppsveita, Rúnar Guðmundsson skipulags- og byggingafulltrúi afhenti.
- 2019/3 AXEL MAGNÚSSON (2.5.1929-3.3.1991). 0,22 hillumetrar – Benedikt Axelsson afhenti.
- 2019/4 SKÁTAFÉLAG HVERAGERÐIS. 0,03 hillumetrar – Karlinna Magnúsdóttir afhenti.
- 2019/5 MAGNÚS GÍSLASON (21.7.1813-4.7.1887), VILLINGAVATNI. 0,03 hillumetrar – Magnús Gíslason afhenti.
- 2019/6 SELFOSSVÖLLUR. 0,01 hillumetri – Kjartan Björnsson afhenti.
- 2019/7 FÉLAGSMÍÐSTÖÐIN Á SELFOSSI, ZELSÍUZ. 0,25 hillumetrar – Kristín Árnadóttir afhenti.
- 2019/8 LÖGMENN SUÐURLANDI, ÓLAFUR BJÖRNSSON HRL. 0,08 hillumetrar – Lögmenn Suðurlandi, Hafdis Edda Sigfúsdóttir afhenti.
- 2019/9 BLÁSKÓGASKÓLI LAUGARVATNI. 0,08 hillumetrar – Bláskógaskóli Laugarvatni, Guðmundur Finnbogason aðstoðarskólástjóri afhenti.
- 2019/10 EINAR JÖRGEN HANSSON (23.4.1936-). 0,03 hillumetrar – Bragi Bjarnason afhenti.
- 2019/11 BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS, ÖLFUSUMBOÐ. 0,03 hillumetrar – Sigurður Hermannsson Gerðakoti afhenti.
- 2019/12 KVENFÉLAG GRÍMSNESHREPPS. 0,03 hillumetrar – Kvenfélag Grímsneshrepps, Laufey Guðmundsdóttir, formaður afhenti.
- 2019/13 KVENFÉLAG HRAUNGERÐISHREPPS. 0,45 hillumetrar – Kvenfélag Hraungerðishrepps, Ingibjörg Einarsdóttir formaður afhenti.
- 2019/14 SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA. 0,25 hillumetrar – Hjörtur Þórarinnsson fv. framkvæmdastjóri SASS afhenti.
- 2019/15 KAUPFÉLAG ÁRNESINGA. 0,08 hillumetrar – Hjörtur Þórarinnsson fv. stjórnamaður afhenti.
- 2019/16 MORRIS REDMAN SPIVACK (20.9.1903-1.4.1998). 0,20 hillumetrar – Bókasafn Árborgar, Heiðrún Dóra Eyvindardóttir afhenti.
- 2019/17 HJÓNAKLÚBBUR SELFOSS. 0,25 hillumetrar – Elínborg Gunnarsdóttir fyrrverandi formaður afhenti.
- 2019/18 RAFVEITA SELFOSS. 0,03 hillumetrar – Anna Hjaltadóttir afhenti.
- 2019/19 HJÖRTUR ÞÓRARINSSON (10.2.1927-). 0,08 hillumetrar – Hjörtur Þórarinnsson afhenti.
- 2019/20 STÓRA-ÁRMÓT. 0,03 hillumetrar – Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga, Einar G. Magnússon afhenti.

- 2019/21 HITAVEITA LAUGARÁSS. 0,25 hillumetrar – Páll Skúlason afhenti f.h. Sigurlaugar Angantýsdóttur.
- 2019/22 ODDVITANEFND LAUGARÁSLÆKNISHÉRAÐS. 0,08 hillumetrar – Ingvaldur Jónsdóttir afhenti.
- 2019/23 SKEIÐAHREPPUR. 0,30 hillumetrar – Ingvaldur Jónsdóttir afhenti.
- 2019/24 KANÍNURÆKTARFÉLAGIÐ Á SUÐURLANDI. 0,08 hillumetrar – Ingvaldur Jónsdóttir afhenti.
- 2019/25 HROSSARÆKTARFÉLAG SKEIÐAHREPPS. 0,03 hillumetrar – Ingvaldur Jónsdóttir afhenti.
- 2019/26 BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS, SKEIÐAHREPPS-UMBOD. 0,03 hillumetrar – Ingvaldur Jónsdóttir afhenti.
- 2019/27 KAUPFÉLAG ÁRNESINGA, SKEIÐADEILD. 0,03 hillumetrar – Ingvaldur Jónsdóttir afhenti.
- 2019/28 MJÓLKURBÚ FLÓAMANNA, SKEIÐADEILD. 0,03 hillumetrar – Ingvaldur Jónsdóttir afhenti.
- 2019/29 SLYSAVARNADEILDIN VÖRÐUFELL. 0,03 hillumetrar – Ingvaldur Jónsdóttir afhenti.
- 2019/30 ÞJÓÐÓLFSKLÚBBURINN Á SKEIÐUM OG NÁGRENNI. 0,08 hillumetrar – Ingvaldur Jónsdóttir afhenti.
- 2019/31 FJÁRMÖRK OG HESTAMÖRK Á SKEIÐUM. 0,03 hillumetrar – Ingvaldur Jónsdóttir afhenti.
- 2019/32 LIONSKLÚBBURINN EMBLA. 0,16 hillumetrar – Sigríður Karlsdóttir afhenti.
- 2019/33 GRÖF, HRUNAMANNAHREPPI. 0,22 hillumetrar – Örn Gunnlaugsson afhenti.
- 2019/34 HJALTI ÞORVARÐARSON (13.2.1915–2.6.2006). 0,06 hillumetrar – Þorvarður Hjaltason afhenti.
- 2019/35 LEIKFÉLAG SELFOSS. 0,01 hillumetri – Sigríður Karlsdóttir afhenti.
- 2019/36 KVENFÉLAGIÐ BERGPÓRA, ÖLFUSI. 0,16 hillumetrar – Rósa Finnsdóttir afhenti.
- 2019/37 SKÁTAFÉLAGIÐ FOSSBÚAR. 0,06 hillumetrar – Guðrún Inga Úlfsdóttir afhenti.
- 2019/38 BRUNAVARNIR ÁRNESÝSLU. 0,14 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2019/39 SÓLVELLIR, DVALARHEIMILI ALDRADRA Á EYRABAKKA. 0,06 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2019/40 KRISTJÁN SAMUÐELSON (17.9.1911–16.7.1986), SELFOSSI. 0,14 hillumetrar – Kristín Danielsdóttir afhenti.
- 2019/41 SÓKNARNEFND SKÁLHOLTSSÓKNAR. 0,03 hillumetrar – Páll Skúlason Kvistholti afhenti.
- 2019/42 JÓN JÓNSSON (21.12.1900–31.5.1941) FRÁ LAUG. 0,30 hillumetrar – Arnleif Alfreðsdóttir afhenti.
- 2019/43 HJALTI GESTSSON (10.6.1916–6.10.2009). 0,30 hillumetrar – Margrét Hjaltadóttir afhenti.
- 2019/44 KVENFÉLAG HRAUNGERÐISHREPPS. 0,06 hillumetrar – Kvenfélag Hraungerðishrepps, Elsa Birna B. Björnsdóttir afhenti.
- 2019/45 KRISTRÚN SÆMUNSDÓTTIR (16.2.1907–4.2.1997), BRAUTARHÓLI. 0,06 hillumetrar – Hrefna Kristinsdóttir afhenti.
- 2019/46 UNGMENNAFÉLAGIÐ VAKA, VILLINGAHOLTSHREPPI. 0,06 hillumetrar – Guðbjörg Tryggvadóttir afhenti.
- 2019/47 FERÐAKLÚBBURINN 4X4, SUÐURLANDS-DEILD. 0,06 hillumetrar – Guðbjörg Tryggvadóttir afhenti.
- 2019/48 SKÓLA- OG VELFERÐARÞJÓNUSTA ÁRNESÞINGS. 0,06 hillumetrar – Hrafnhildur Karlsdóttir, teymsstjóri skólalþjónustu Árneshings, afhenti.
- 2019/49 HÉRAÐSSKÓLINN Á LAUGARVATNI. 0,03 hillumetrar – Jóhann Sveinbjörnsson afhenti.
- 2019/50 STURLA BJARNARSON (13.12.1930–19.8.2015), FAGURGERÐI. 0,03 hillumetrar – Kjartan Már Benediktsson afhenti.
- 2019/51 EIRÍKUR ÞÓR SIGURJÓNSSON. 0,03 hillumetrar – Eiríkur Þór Sigurjónsson afhenti.
- 2019/52 MAGNHILDUR INDRÍÐADÓTTIR (17.4.1914–16.9.1992) OG SVEINN KRISTJÁNSSON (20.12.1912–13.1.2008), DRUMBODDSTÖÐUM. 0,03 hillumetrar – Svavar Ásmundur Sveinsson afhenti.
- 2019/53 HELGA INGÓLFSDÓTTIR (25.1.1942–21.10.2009). 0,25 hillumetrar – Kolbeinn Bjarnason afhenti.
- 2019/54 SIGHVATUR ARNÓRSSON (2.8.1926–24.2.2016), MIÐHÚSUM. 0,06 hillumetrar – Geirþrúður Sighvatsdóttir Miðhúsum afhenti.
- 2019/55 ÞORKELL BJARNASON (22.5.1929–24.5.2006) LAUGARVATNI. 0,87 hillumetrar – Hulda Björk Þorkelsdóttir afhenti.
- 2019/56 BJARNI BJARNASON (23.10.1889–2.8.1970) SKÓLASTJÓRI. 0,71 hillumetrar – Hulda Björk Þorkelsdóttir afhenti.
- 2019/57 FLÓAHREPPUR. 0,11 hillumetrar – Flóahreppur, Guðrún Elísa Gunnarsdóttir afhenti.
- 2019/58 LEIKSKÓLINN BERGHEIMAR ÞORLÁKSHÖFN. 2,74 hillumetrar – Leikskólinn Bergheimar, Dagný Erlendsdóttir leikskólalastjóri afhenti.
- 2019/59 LAUGARDALSHREPPUR. 0,03 hillumetrar – Ólafur Helgi Kjartansson fv. sýslumaður afhenti.
- 2019/60 BÓKASAFN ÁRBORGAR. 0,08 hillumetrar – Bókasafn Árborgar, Heiðrún Dóra Eyvindardóttir afhenti.
- 2019/61 HREPPSTJÓRINN Í ÞINGVALLAHREPPI. 0,03 hillumetrar – Guðrún Guðbjörnsdóttir afhenti.
- 2019/62 LANDSÁMSTÖÐIN Á KÁRASTÖÐUM. 0,03 hillumetrar – Guðrún Guðbjörnsdóttir afhenti.
- 2019/63 KÁRASTAÐIR Í ÞINGVALLAHREPPI. 0,06 hillumetrar – Guðrún Guðbjörnsdóttir afhenti.
- 2019/64 JÖTUNN, BLAÐ ALÞÝÐUBANDALAGSINS Á SUÐURLANDI. 0,06 hillumetrar – Kristín Fjóra Bergþórsdóttir afhenti.
- 2019/65 UNNUR JÓNSDÓTTIR (6.1.1895–3.4.1973), HOLTÍ Í STOKKSEYRARHREPPI. 0,01 hillumetri – Anna Guðrún Bjarnadóttir Holtí í Stokkseyrarhreppi afhenti.
- 2019/66 VILBORG EIRÍKSDÓTTIR (18.09.1923–26.2.2015). 0,14 hillumetrar – Eiríkur Þór Sigurjónsson afhenti.
- 2019/67 TEIKNISTOFAN HÖFÐI. 0,06 hillumetrar – Rósa Finnsdóttir afhenti.
- 2019/68 FÉLAGSÞJÓNUSTUSVIÐ ÁRBORGAR. 0,64 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2019/69 SVÆÐISSKRIFSTOFA MÁLEFNA FATLAÐRA Á SUÐURLANDI. 0,30 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2019/70 NÚPUR, SELFOSSI. 0,03 hillumetrar – Ásrún Jónsdóttir afhenti.
- 2019/71 BÓKASAFN UNGMENNAFÉLAGS EYRABAKKA. 0,03 hillumetrar – Ingibjörg Eiríksdóttir afhenti.
- 2019/72 BARNASKÓLINN Á EYRABAKKA OG STOKKSEYRI. 0,08 hillumetrar – Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Magnús J. Magnússon skólalastjóri afhenti.
- 2019/73 BÚNAÐARFÉLAG BISKUPSTUNGNAHREPPS. 0,56 hillumetrar – Búnaðarfélag Biskupstungnahrepps, Jórunn Svavarsdóttir afhenti.
- 2019/74 ALEXANDER REINHOLT GEIRSSON (21.8.1911–26.10.1982), LJÓSAFOSSI. 0,03 hillumetrar – Heiðar Alexandersson afhenti.
- 2019/75 GUNNAR BENEDIKTSSON (9.10.1892–26.8.1981). 0,03 hillumetrar – Heiðdis Gunnarsdóttir afhenti.
- 2019/76 STARFSMANNAFÉLAG ÁRBORGAR. 0,08 hillumetrar – Bergsteinn Halldórsson afhenti.
- 2019/77 KAUPFÉLAG ÁRNESINGA Á STOKKSEYRI. 0,06 hillumetrar – Jóhann Sveinbjörnsson afhenti.
- 2019/78 SVEINBJÖRN GUÐMUNDSSON (23.11.1922-) OG INGIBJÖRG ÞÓRA SIGURGRÍMSDÓTTIR (17.7.1925–24.12.2010). 0,06 hillumetrar – Jóhann Sveinbjörnsson afhenti.
- 2019/79 BÚNAÐARFÉLAG ÞINGVALLAHREPPS. 0,03 hillumetrar – Gunnar Maron Þórisson frá Fellsenda í Þingvallahreppi afhenti.
- 2019/80 JÓHANN INGVI GUÐMUNDSSON. 0,24 hillumetrar – Ingibjörg Stefánsdóttir afhenti.
- 2019/81 GUÐMAR GUÐJÓNSSON (6.6.1937–4.7.2017) STÓRA-HOFI. 0,17 hillumetrar – Guðný Jóna Guðmarsdóttir afhenti.
- 2019/82 SIGURJÓN ERLINGSSON (12.10.1933-). 0,06 hillumetrar Sigurjón Erlingsson afhenti.
- 2019/83 MARÍA GÍSLADÓTTIR (30.8.1884–8.2.1971) OG ARNDÍS ÞÓRDARDÓTTIR (21.7.1910–20.1.1930). 0,03 hillumetrar – Sigurjón Erlingsson afhenti.
- 2019/84 SUNDHÖLL SELFOSS. 0,06 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Bragi Bjarnason afhenti.
- 2019/85 ORKUSTOFNUN. 0,03 hillumetrar – Gunnar Jónsson afhenti.
- 2019/86 LEIKFÉLAG SELFOSS. 0,06 hillumetrar – Leikfélag Selfoss, Sigríður Karlsdóttir gjaldkeri og F. Elli Hafliðason fv. leikhússtjóri afhentu.
- 2019/87 ÁVEITAN. 0,03 hillumetrar – Ungmennafélagið Þjótandi afhenti.
- 2019/88 PÉSI – FRÉTTABRÉF HRUNAMANNAHREPPS. 0,03 hillumetrar – Hrunamannahreppur afhenti.
- 2019/89 HVATARBLAÐIÐ. 0,03 hillumetrar – Ungmennafélagið Hvöt, Grímsnesi afhenti.
- 2019/90 BLÁSKÓGAFRÉTTIR. 0,03 hillumetrar – Sveitarfélagið Bláskógabyggð afhenti.
- 2019/91 BÓKASAFN ÁRBORGAR. 0,03 hillumetrar – Bókasafn Árborgar, Elfa Kristinsdóttir afhenti.
- 2019/92 FRÉTTABRÉF SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS. 0,03 hillumetrar – Skeiða- og Gnúpverjahreppur afhenti.
- 2019/93 GUNNAR KARL GRÄNZ (30.11.1932). 0,14 hillumetrar – Gunnar Karl Gränz afhenti.
- 2019/94 GUÐMUNDUR KR. JÓNSSON (14.9.1946). 0,18 hillumetrar – Guðmundur Kr. Jónsson afhenti.
- 2019/95 SÆVAR HILBERTSSON (27.5.1946-). 0,027 Gígabæt. Sævar Hilbertsson afhenti.



HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

myndasetur.is • heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is
Austurvegi 2 • 800 Selfoss • Sími 482 1259 • Kennitala 630189–2849

Afgreiðslutími: Mánudaga til föstudaga kl. 09:00 – 16:00
Miðvikudaga lokað

Stjórn safnsins:

Kjartan Björnsson, stjórnarformaður
Gestur Þór Kristjánsson
Valgerður Sævarsdóttir

Starfsmenn safnsins:

Þorsteinn Tryggvi Másson, héraðsskjalavörður
thorsteinn@heradsskjalasafn.is
Guðmunda Ólafsdóttir, skjalavörður
gudmunda@heradsskjalasafn.is
Edda Linn Rise, skjalavörður
edda@heradsskjalasafn.is